



Viðstaddir

Páll B. Guðmundsson	PBG	SSH
Ómar Einarsson	ÓE	Rvk
Björg Fenger	BF	G.bæ
Rósa Steingrímsdóttir	RS	Hafn
Magnús Árnason	MÁ	Skíðasvæðin
Hildigunnur Hafsteinsdóttir	HH	SSH
Einar K. Stefánsson	EKS	VSÓ Ráðgjöf

Forfallaðir

Ásthildur Helgadóttir

28.02.2022

15239

Fundarritari

EKS / einar@vso.is

Tílefni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur fimmtudaginn 28.02.22 kl. 16:00.

1 Síðasta fundargerð

Fundargerð 03.02.22 samþykkt samhljóða.

2 Lyftur Bláfjöll

Tæringarvarnir:

- ⇒ Doppelmayr hefur lagt fram mælingar á þykkt húðunar á möstrum, sem mælist vel yfir lágmarksgildum.
- ⇒ EKS á von á ítarlegri/áframhaldandi mælingum á möstrum, toppstykkið mastra o.fl. stálverkjum
- ⇒ Doppelmayr hyggst senda fulltrúa til verksmiðja í Póllandi til að mæla húðunarþykkt stálgrindar botnstöðva sem ÍAV annast

Leyfismál:

- ⇒ ÍAV/Doppelmayr hafa sótt um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits HK. Ekki von á öðru en leyfið verði afgreitt
- ⇒ ÍAV/Doppelmayr hefur sótt um byggingarleyfi beggja lyfta til Kópavogs. Stofnaðar verða lóðir um botnstöðvar og byggingarleyfi gefið út fyrir þær. Aðrir lyftuhlutar eru tengdir við þá lóð/byggingarleyfi og falla undir þegar útgefið framkvæmdaleyfi.
- ⇒ Aðeins toppstöð Drottningar liggur innan Ölfuss. Eftir samráð arkitekts Doppelmayr, VSÓ og byggingaryfirvalda Ölfuss var ákveðið að stofna lóð utan um toppstöðina. VSÓ gerir lóðarblað, Ölfus stofnar lóð og veitir byggingaleyfi vegna framkvæmda innan Ölfuss.
- ⇒ Þegar önnur leyfi eru í húsi mun EKS/VSÓ eiga samráð við Umhverfisstofnun um viðhald/framlengingu þess leyfis sem þegar liggur fyrir.
- ⇒ Doppelmayr er í góðu samtarfi við VER varðandi leyfi, úttektir og samþykki þeirra á hönnun og búnaði

Verkstaða og reikningar:

- ⇒ EKS staðfesti verkstöðu í vettvangsferð til Doppelmayr Wolfurt 23.02. Ekki ekkert í vegi þess að afgreiða framvindureikninga skv. greiðsluáætlun samnings, auk viðbótarverks við breytta stóla.

Fyrirkomulag eftirlits með framkvæmdum:

- ⇒ Minnisblað EKS samþykkt. Verkefnishópi verður haldið upplýstum um umfang eftirlits og kostnað.

Rafmagnsmál:

- ⇒ EKS/VSÓ er að vinna að samantekt upplýsinga um núverandi rafkerfi. Annars vegar er um að ræða rafkerfi Veitna að 4 dreifistöðvum og hins vegar innra kerfi Bláfjalla – sem aftur skiptist í lýsingu og dreifikerfi að búnaði/skálum. EKS kynnti uppdrætti - vinnu ekki lokið.
- ⇒ Fyrir liggur að ráðast þarf í neðangreind viðbótarverk (10-15 m.kr)
 - Færsla háspennu undir botnstöð Drottningar
 - Endurnýjun aðaltöflu og dreifitöflu á norðursvæði
 - Endurnýjun aðaltöflu og dreifitöflu á suðursvæði
- ⇒ Til að víkka út skíðabrekkur og snyrta svæðið hafa skíðasvæðin áhuga á að fjarlægja alla botnstöð Drottningar þ.m.t. þann steinsteypta hluta sem hýsir dreifistöð Veitna, rafmagnsskápa Bláfjalla og varaafli (rafstöð með eldsneytistanki). Í þessu felast neðangreind verkefni (30-45 m.kr):
 - Færsla dreifistöðvar Veitna (15 m.kr)
 - Færsla og hýsing töfluskápa Bláfjalla (5-10 m.kr)
 - Færsla og hýsing varaafli (5-10 m.kr)
 - Breytingar á innra dreifikerfi í jörð (5-10 m.kr)

Hagræði er í því að framkvæma þetta samhliða framkvæmdum í sumar, en líka unnt að fresta um einhver ár. EKS mun koma á fundi með Veitum til samráðs og frekari greiningar á kostnaði, kostum/göllum 14-15 mars.

Rif lyfta:

- ⇒ MÁ reynir að leggja áætlun Skíðasvæðanna fyrir næsta fund.

3 Salerni Suðursvæði

Vinna við endurskoðun útboðsgagna hafin. Gögn verða tilbúin til kynningar/rýni fljótlega.

4 Skálafell

Skíðaráðin voru kölluð til samráðs í samráðsnefnd. Almennt vilja allir stefna á kaup á nýrri lyftu, frekar en notaðri. Í því felst að fjármagna þarf aukin útgjöld og e.t.v. endurraða verkefnum í fjárfestingaráætlun.

- ⇒ ÓE/MÁ vinna tillögur

5 Innviðir

Sjá að ofan um rafmagnsmál. Umræðu um aðra innviði frestað til næsta fundar.

6 Næsti fundur

PBG/HH boða næsta fund fös 18.03 kl. 10.00.

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn
Ásthildur Helgadóttir